

Upplýsingaöryggisstefna TRS

TRS ehf. fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu:

1. Hlutverk TRS ehf. er að hámarka öryggi upplýsinga fyrirtækisins og viðskiptavina sinna með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis TRS nær til innri starfsemi fyrirtækisins og allrar þjónustu sem TRS veitir viðskiptavinum sínum. Stjórnkerfið nær til húsnæðis, vélbúnaðar, hugbúnaðar, þjónustu, ferla og starfsfólks.
3. TRS fylgir markmiðum, lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórn upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
4. Stefna TRS í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins og nær til allra þjónustuaðila sem veita TRS þjónustu.
5. Allir starfsmenn TRS eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiludum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
6. TRS stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
7. TRS tryggir að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.
8. TRS framkvæmir reglulega áhættumat til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf og greina tækifæri til stöðugra umbóta.
9. Upplýsingaöryggisstjóri gefur árlega út skýrslu varðandi hlítingu TRS gagnvart þessari stefnu.
10. Starfsmönnum, þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál TRS ehf., viðskiptamanna eða annarra starfsmanna.
11. TRS endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.
12. TRS mun fylgja ÍST ISO/IEC 27001:2017 – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi sem eru grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
13. Stefnu fyrirtækisins í upplýsingaöryggismálum er nánar og ítarlegar lýst í Stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis.

Selfoss, 25.mars 2022

Gunnar Bragi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri